

Vikufréttir

Vika 44 (1.11 – 5.11. 2021)

Mánudagur

✓ **Starfsdagur**

✓ Nemendaverndarráðsfundur kl. 14:00

Þriðjudagur

✓

Miðvikudagur

✓

Fimmtudagur

✓ Starfsmannafundur kl. 14:30

✓ Tæknimessa

Föstudagur

Annað:

Á Tæknimessu mun Fjölbrautaskóli Vesturlands Akranesi (FVA) kynna iðnnámsbrautir skólans, auk þess sem ýmis fyrirtæki sem starfa á Vesturlandi kynna starfsemi sína (inn veggja skólans eða bjóða í vettvangsferð). Öllum nemendum í 8, 9 og 10 bekk í grunnskólum á Vesturlandi er boðið á Tæknimessu. Markmiðið með Tæknimessunni er að kynna iðnnám og þau tækifæri sem felast í tækni- og iðnstörfum fyrir grunnskólanemum og leitast þannig við að fjölga iðnnemum og iðnaðarmönnum á Vesturlandi. Tæknimessan er hluti af áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands um nýsköpun, frumkvöðla og tæknimenntun og fjármögnuð í gegnum verkefnið

Spakmæli:

“Fólk mun gleyma því sem þú sagðir. Fólk mun gleyma því sem þú gerðir. En fólk mun aldrei gleyma því hvernig þú lést þeim líða” – *Maya Angelou*

Tíu skemmtilegir hlutir sem hægt að gera með börnunum sínum í vetrarfríinu (tekið af vísi.is)

1. **Húsverk:** Taka til í herberginu, búa um rúmið sitt, vaska upp. Tilvalið að setja á góða tónlist og gera húsverkin að leik.
2. **Gera æfingar:** Sniðugt er að gera allskonar æfingar eins og armbeygjur, hnébeygjur, kviðæfingar, öndunaræfingar, sippa og hoppa. Einnig er hægt að finna góð myndbönd á YouTube til að stunda Zumba og yoga fyrir krakka, koma sér vel fyrir og gera saman.
3. **Fjölskylduþrautir:** Á vefsíðu RÚV má finna allskonar fjölskylduþrautir sem hægt er að gera heima og virka þær einstaklega skemmtilegar.
4. **Plokka:** Krakkar hafa gaman af því að fara út og plokka rusl í nærumhverfinu. Það er mjög sniðugt og gefur þeim einnig hreyfingu. Muna samt að nota hanska þegar tína á upp grímur.
5. **Ferðafélag barnanna** er með virkilega góðan lista á sinni Facebook-síðu og þar er af nægu að taka.
6. **Leikir með bolta:** Hægt er að fara út með börnin á sparkvelli víðsvegar um höfuðborgarsvæðið og æfa sig í fótbolta. En það má einnig nota boltann í aðra leiki. Svo er hægt að finna aðra skemmtilega leiki utandyra eins.
7. **Rattleikur:** Foreldrar geta búið til sína eigin rattleiki fyrir börnin, myndaratleiki til dæmis þar sem börnin eru send út með síma og eiga að taka myndir af ákveðnum hlutum.
8. **TikTok:** Snjallforritið TikTok er gríðarlega vinsælt meðal barna og því er um að gera að framleiða skemmtileg TikTok myndbönd með þeim og taka virkan þátt. Leyfa barninu að leikstýra myndbandinu og fara eftir fyrirmælum.
9. **Matreiðsla og bakstur:** Um að gera að nýta haustfríið í það að elda góðan mat og leyfa börnunum að taka virkan þátt. Einnig er tilvalið að baka með þeim. Lykilatriði að leyfa barninu að ráða hvað er í matinn og hvað skal baka.
10. **Frisbíggolf** er skemmtileg íþrótt fyrir alla fjölskylduna. Hægt er að velja um nokkra velli hér í nágrenni Borgarnes t.d Hvanneyri, Bifröst og Akranesi.

Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.

Ábm.: Guðdís Jónsdóttir